RÍKISENDURSKOÐUN
Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/2019
komudagur 21.4.2004

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVIK

Dagsetning 21. apríl 2004

Tilvísun A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis nefndarinnar frá 20. apríl sl. þar sem farið er fram á umsögn um frumvarp til samkeppnislaga, 882. mál, (beiting samkeppnisreglna EES samningsins).

Frumvarpið er lagt fram vegna innleiðingar reglugerðar EB nr. 1/2003 frá 16. desember 2002, um framkvæmd samkeppnisreglna. Innleiðingin hefur í för með sér efnislegar breytingar á bókun 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, sem talið er nauðsynlegt að lögfesta. Í frumvarpinu er mælt fyrir um hvaða stjórnvöld skuli hafa heimild til að beita samkeppnisreglum EES-samningsins og hvaða reglur gilda um þá beitingu.

Ríkisendurskoðun tekur fram að hún hefur engar athugasemdir fram að færa varðandi frumvarp þetta.

Sími / telephone: (+354) 561 4121, myndsími / telefax: (+354) 562 4546, kennitala / Id.no. 540269-1819,
netfang / e-mail: postur@rikisend.althingi.is, heimasíða / http: www.rikisend.althingi.is